



Rannsóknastofnun
fiskiðnaðarins



Ársskýrsla 2004

Ábyrgðarmaður: Sjöfn Sigurgísladóttir

Hönnun og umbrot: Kolbrún Sveinsdóttir, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Ljósmyndir: Ragnar Th. Sigurðsson, fyrir utan mynd á forsíðu (ljósm. Rf) og mynd á bls 16 (Guðmundur H. Kristinsson)

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	4
Stefnumótun og framtíðarsýn	6
Samstarf við fyrirtæki og stofnanir	7
Rekstarsvið Rf	8
Þjónustusvið Rf	9
Rannsóknarsvið Rf	10
Kynning á nokkrum verkefnum	15
Ritstörf og erindi 2004	18
Starfsfólk Rf árið 2004	25
Ársreikningur Rf 2004	29
Staðfesting ársreiknings	30
Áritun endurskoðenda	31
Rekstrarreikningur ársins 2004	32
Efnahagsreikningur 31. desember 2004	33
Sjóðstreymi ársins 2004	34
Skýringar með ársreikningi 2004	35

Ávarp forstjóra



Leiðarljós í allri starfsemi Rf er að efla samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og stuðla að því að hann verði fremstur í sinni röð í heiminum. Í byrjun ársins var lögð áhersla á það að byggja enn frekar upp rannsóknarsvið Rf og um leið var þjónustusvið lagt niður að hluta til. Einingar þjónustusviðs í Vestmannaeyjum, Ísafirði og Akureyri voru lagðar niður og dregið enn frekar úr starfseminni í Reykjavík. Um leið voru stofnuð einkafyrirtæki á þessum stöðum til að sinna þjónustumælingum. Á sama tíma réð Rf sérfræðinga til starfa á Ísafirði og í Vestmannaeyjum og hefur jafnframt fjölgað sérfræðingum á Akureyri. Áhersla Rf er því að færast í áttina til meiri rannsókna um leið og dregið er úr þjónustuhlutanum. Víða erlendis hafa þjónustumælingar, eins og þær sem Rf lagði áður áherslu á, verið færðar til einkaaðila á svipaðan hátt og Rf hefur nú gert.

Velta Rf var fyrir þremur árum um 300 milljónir kr. á ári, þar af voru tekjur af þjónustumælingum um 110 milljónir kr. Rf hefur því tapað tekjum með því að draga úr þjónustumælingum en á móti hafa rannsóknatekjur aukist og Rf veltir nú um 400 milljónum kr. á ári. Rúmlega helming veltunnar sækja sérfræðingar til rannsóknasjóða og fyrirtækja innanlands og erlendis í samstarfi við atvinnulífð.

Sérfræðingur Rf í Vestmannaeyjum hóf störf í lok árs 2004 og mun einbeita sér að rannsóknum í líftækni, nýjum tegundum og tegundum sem ekki eru nýttar, og starf hans fellur þannig undir það markmið Rf sem miðar að aukinni nýtingu á sjávarafli. Einnig fellur undir svið sérfræðingsins að rannsaka hvernig nýta megi aukahræfni, t.d. til próteinvinnslu og vinnslu lífvirkra efna í samstarfi við aðra sérfræðinga Rf, en það er annað og ekki síður mikilvægt markmið í starfsemi Rf.

Á Ísafirði leigir Rf út hluta af aðstöðu sinni til einkaaðila, en þar fóru áður fram þjónustumælingar stofnunarinnar. Áhersla Rf á Vestfjörðum er nú einkum á fiskeldi. Rf fékk á árinu styrk frá Byggingastofnun til þess að setja upp rannsóknakvíar fyrir vestan og þar er stofnunin í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu um verkefni á þessu sviði.

Rf flutti inn í nýtt Rannsóknahús á Akureyri á síðasta ári. Húsið nefnist Borgir og eru þar margar rannsóknastofnanir samankomnar undir sama þaki og er starfsemi Rf því samtvinnuð hagsmunum bæjarins. Þar eru reknar sameiginlegar rannsóknastofur og Rf nýtur starfskrafta nemenda frá Háskólanum á Akureyri. Á sama tíma og Rf lagði niður þjónustumælingar á Akureyri hóf stofnunin að leggja meiri áherslu á rannsóknir í fiskeldi og öryggi sjávarfangs. Fyrir tveimur árum var þar eitt stöðugildi á rannsóknarsviði en í lok ársins störfuðu þar fjórir. Þetta lýsir í hnotskurn þeim krafti sem er í rannsóknum fyrir norðan. Rf hefur auk þess sett upp nýjan tækjabúnað í hinni nýju aðstöðu fyrir norðan og væntir mikils af starfseminni þar.

Rf horfir mjög til þess að landfræðilegum takmörkunum sé rutt úr vegi og nú er svo komið að starfsemi er haldið úti sem víðast á landinu með góðum árangri. Rf hefur aðstöðu og samstarf við fyrirtæki víða um land og með nútíma samgöngum og samskiptatækni styrkir það Rf að hafa sérfræðinga þar sem fyrirtækin eru staðsett.

Starfsemi starfsstöðvarinnar í Neskaupstað er óbreytt frá því sem verið hefur. Starfsstöð Rf þar þjónustar einkum fiskimjölsiðnaðinum, en á milli 60 - 70% af öllu fiskimjöli sem framleitt er hérlendis er framleitt á þjónustusvæði Rf í Neskaupstað.

Af þessu má sjá að það hefur orðið talsverð einkavæðing innan Rf sem þó hefur farið minna fyrir en oft gerist þegar einkavæðing á sér stað innan ríkisstofnana. Þó verður ekki fram hjá því litið að ekki eru allir á eitt sáttir. Það hefur verið skilningur sumra að með þessu hafi Rf verið að fækka störfum úti á landi og að störfin séu að flytjast til Reykjavíkur, en því fer víðs fjarri. Þjónustuhluti Rf einskorðaðist við ákveðnar mælingar og var í samkeppni við önnur fyrirtæki. Þessi fyrirtæki hafa nú tekið þennan hluta yfir og þau störf hafa haldist úti á landi. En að auki hefur Rf bætt við störfum á sviði rannsókna sem mun gefa landsbyggðinni fleiri tækifæri en þjónustumælingarnar þegar horft er til framtíðar. Með því að ráða sérfræðinga úti á landi verður til tenging milli sérfræðinga Rf í Reykjavík og starfseminnar á landsbyggðinni sem leiðir til þess að nýsköpun verður til inni í fyrirtækjum þar.

Rf hefur einnig eflt samstarfið við háskólana og hjá Rf eru nú margir meistaraþrófs- og doktorsnemendur að ljúka sínu námi í samstarfi við fyrirtæki. Um 140 manns eru í doktorsnámi hjá Háskóla Íslands og hjá Rf eru núna sjö doktorsnemur í verkefnum. Þeir eiga stóran þátt í því að byggja brú á milli Rf og fyrirtækjanna. Jafnframt hækkar menntunarstig stofnunarinnar sem þessu nemur. Með nemendum fæðast margar snjallar hugmyndir og ferskir vindar blása um starfsemina. Doktorsgráða er ennfremur í rauninni aðgangsmiði að verkefnum erlendis.

Fyrir tveimur árum hófst vinna í stefnumótun fyrir stofnunina og henni var fylgt eftir á síðasta ári. Tekið hefur verið upp stefnumiðað árangursmat (BSC), og árangurinn af því er að koma í ljós. Það er ekki sist því að þakka að starfsmenn Rf eru árangursþenkjandi. Hlutimir ganga hratt fyrir sig innan Rf og áherslan er lögð á áþreifanlegan árangur.

Rf leggur megináherslu á það að auka verðmæti sjávarfangs og þar skipta öryggi og gæði miklu máli. Einungis með því að auka gæði þorsksins er hægt að auka þann hluta sem fer í hágæðaflokk, en jafnframt leggur stofnunin áherslu á að sýna árangur í því að auka virðisauka alls sjávarfangs. Verðmæti sjávarfangs hefur aukist mikið á síðustu fimm árum vegna þeirra miklu breytinga sem orðið hafa innan fiskiðnaðarins. Það er þó hægt að gera enn betur og það sýna þau

mörgu og margbreytilegu verkefni sem nú eru í vinnslu hjá Rf.

Rekstur Rf hefur verið gerður skilvirkari. Áður stóð rekstur stofnunarinnar höllum fæti en tekist hefur að snúa blaðinu við. Fjármagn til rannsókna hefur aukist gríðarlega í gegnum rannsóknasjóðina, sem er alls ekki sjálfgefið mál, en lýsir í hnotskurn þeirri breytingu sem stofnunin hefur gengið í gegnum. Rannsóknafjármagn helst í hendur við verkefni og skilvirkni á faglegu og rekstrarlegu sviði hefur aukist. Þannig gerir rannsóknasjóður Sjávarútvegsráðuneytisins, AVS sjóðurinn, Rf kleift að vinna í mun meira návígi við sjávarútveginn en áður hefur verið hægt.

Sjöfn Sigurgísladóttir

Stefnumótun og framtíðarsýn


Á grundvelli stefnu Rf, sem mótuð var á árinu 2003 og miðar að því að auka verðmæti og öryggi sjávarfangs, hefur stofnunin í auknum mæli tekið upp á því að mæla árangurinn á hinum ýmsu sviðum. Stefnumótunarvinnan fól meðal annars í sér að hlutverk, gildi, framtíðarsýn og stefna Rf var vel skilgreind. Sett voru upp verkefni á árinu til þess að ná fram stefnunni jafnframt því sem settir voru upp mælikvarðar og árangur mældur.

Undirbúningur að stefnumiðuðu árangursmati hófst haustið 2002. Stefnumiðuð árangursmat felst einkum í því að mæla árangur af starfsemi og að mælikvarðar styðji þá stefnu sem á að innleiða og er þá sérstaklega mikilvægt að fleiri þættir séu vegnir en fjárhagslegur ávinningur. Stefnumiðuð árangursmat tekur þannig til allra markmiða og mælikvarða sem felast í stefnu Rf.

Haustið 2003 var ráðgjafafyrirtækið IMG fengið til þess að leiða vinnuna og komst þá skriður á framkvæmdina með þátttöku allra starfsmanna Rf, sem fengu tækifæri til þess að móta áherslur og mark-

mið. Í desember sama ár voru markmið og helstu mælikvarðar tilbúnir og í febrúar 2004 var hafist handa við að fylgja eftir markmiðum og mælikvörðum og taka þá í gagnið.

Gert hefur verið nýtt og aðgengilegra stefnukort þar sem helstu markmið og mælikvarðar koma fram. Unnið er að því að nota stefnukortið markvisst til að mæla árangurinn á hinum ýmsu sviðum, sem ekki var farið að gera árið 2003. Í nýja stefnukortinu er t.d. mæld tímanýting starfsmanna, þ.e.a.s. hvernig starfsmenn nýta tíma sinn í útseld verkefni. Þetta er mjög mikilvægt þar sem 2/3 af veltu stofnunarinnar, yfir 200 milljónir kr., koma úr innlendum og erlendum rannsóknasjóðum eða frá þjónustumælingum. Starfsmenn geta í þessu umhverfi séð hvernig gengur að framfylgja stefnu Rf. Stofnunin setti sér 17 markmið og 27 mælikvarða. Meðal markmiða er verkefnastjórnun, kynningarátak, átak í verkefnaöflun, átak í endurmenntun, fjárhagsáætlanir, starfsmat, val á skráningarkerfi o.fl. Stofnunin hefur náð tókum á flestum mælikvörðunum. Framundan er að ná tókum á öllum mælikvörðum, endurskoða og aðlaga upplýsingakerfi Rf, gera niðurstöður úr mælingum sýnilegar og hugsanlega endurskoða suma mælikvarða.



Samstarf við fyrirtæki og stofnanir

Á síðari árum hefur Rf í auknum mæli tengst háskólastofnunum hérlandis og einnig tekið þátt í alþjóðasamstarfi á sínu sviði. Sérfræðingar stofnunarinnar eru þátttakendur í fjölda alþjóðlegra rannsóknarverkefna og stýra mörgum þeirra. Rf hefur markað þá stefnu að efla enn frekar rannsóknir, þróun og nýsköpun í íslenskum sjávarútvegi og öðrum tengdum matvælaíðnaði og um leið að treysta tengslin við menntastofnanir, fyrirtæki í sjávarútvegi og erlendar rannsóknastofnanir og fyrirtæki á þessu sviði. Rf er með samstarfssamninga við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Háskólann á Hólum og starfsmenn sem vinna bæði hjá Rf og háskólunum. Stefna Rf er að þessir starfsmenn stundi rannsóknir og hafi nemendur í sérnámskeiðum. Rf styrkir sérfræðinga á ákveðnum sviðum og vill að það nýtist inn í háskólana. Einnig er mikið samstarf og margir samstarfssamningar við innlend fyrirtæki og flest verkefni og verkefnahugmyndir sem Rf vinnur að í dag eru unnin í samstarfi við fyrirtæki. Samstarf er við mjög mörg fyrirtæki í sjávarútvegi á

landinu og með nýjum sérfræðingum á Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum kemst Rf í betri tengsl við fyrirtækin þar. Stefna Rf er sú að fyrirtækin, ekki síður en stofnunin, hafi frumkvæði að samstarfi á hinum ólíku sviðum. Samstarfið er á allra ábyrgð og nauðsynlegt er að það skili árangri. Fyrirtæki sem eru í samvinnu við rannsóknarstofnanir eins og Rf geta fengið sérfræðingana til aðstoðar við þróun nýrra vinnsluferla og afurða og við að bæta gæði afurðanna. Með þátttöku í rannsóknum kynnast starfsmenn fyrirtækjanna sérfræðingum á mismunandi fagsviðum sem getur nýst fyrirtækjunum á ýmsan hátt. Með því að taka þátt í verkefnum hafa fyrirtækin áhrif á hvaða rannsóknir eru framkvæmdar og hvernig þær eru unnar.



Rekstrarsvið Rf

Hlutverk rekstrarsviðsins er að þjónusta rannsóknar- og þjónustusvið með allri þeirri þjónustu sem starfsemin krefst. Helstu verkefni eru m.a. að þjónusta stofnunina með tölvumál, kynningarmál, upplýsingamál, bókasafn, skrifstofuþjónustu og símaþjónu.

Lítil breyting varð á starfsemi rekstrarsviðs milli ára en útfærsla á þeirri áherslubreytingu sem gerð var á stofnuninni í heild sinni með aukinni áherslu á rannsóknar- og nýsköpun hafði í för með sér breytingar á vinnutilhögum rekstrarsviðs.

Þegar litið er á þróun meðalstöðugilda frá árinu 2000-2004 má sjá að stöðugildum hefur fækkað um 14,85 á tímabilinu. Mesta fækkunin hefur verið á þjónustusviði en þar hefur fækkað um 10,9 meðalstöðugildi en á sama tímabili fjölgað þeim um 2,15 á rannsóknasviði. Opinberar stofnanir hafa orðið fyrir þeirri gagnrýni að fjölgunin á störfum sé meiri í Reykjavík en úti á landi. Raunin er hins vegar sú hjá Rf að niðurskurðurinn í stöðugildum hefur verið talsvert meiri í Reykjavík en úti á landsbyggðinni. Þannig hefur starfsmönnum í Reykjavík fækkað um 12,52 meðalstöðugildi á meðan fækkunin úti á landsbyggðinni er um 2,24 meðalstöðugildi.

Rekstur stofnunarinnar var samkvæmt áætlun á árinu. Tólf milljón kr. afgangur varð af rekstrinum. Lykillinn að þessum árangri er áætlunargerð og eftirfylgni með reglubundnum hætti.



Þjónustusvið Rf

Þær breytingar sem ýtt var úr vör á árinu 2003 og ganga í þá átt að draga úr þjónustumælingum og auka vægi rannsókna og nýsköpunar innan stofnunarinnar, héldu áfram á síðasta ári. Er nú einungis haldið úti þjónustumælingum í Reykjavík og Neskaupsstað en áður fóru mælingarnar fram á fimm stöðum. Stefnubreytingin hefur óneitanlega haft mikil áhrif á starfsemi þjónustusviðs Rf. Engu að síður sinnir þjónustusviðið ennþá því hlutverki að vera hinn faglegi bakhjarl í starfseminni, sem umhverfið telur sig þurfa á að halda. Sem fyrr verður staðinn vörður um hina faglegu færni og þekkingu sem er til staðar innanhúss og vottun í faggildingu þjónustumælinga stofnunarinnar. Vottun frá Rf er orðin vel þekkt meðal margra viðskiptavina íslenskra fyrirtækja erlendis og margir kaupendur íslenskra sjávarafurða krefjast þess að vottorð frá Rf fylgi afurðinni. Útflutt fiskimjöl er t.a.m. nær eingöngu mælt og vottað hjá Rf. Það er stefna Rf að halda áfram þessari þjónustu við íslenskan sjávarútveg þótt í nokkuð breyttu formi verði.

Árið 2003 mældi þjónustusviðið 9.900 sýni þegar þjónustumælingar fóru fram á fimm stöðum á landinu. Í fyrra voru sýnin 6.256, sem er þrjátíu fyrir þremur færri starfstöðvum um 63% af sýnafjöldanum frá árinu áður. Samdráttur í þjónustumælingum er því minni en búist hafði verið við. Gengið hafði verið út frá því að hann yrði um 50%. Reynslan er ennfremur sú að einkaaðilar sem hafa tekið að sér þjónustumælingarnar úti á landi hafa í talsverðum mæli leitað til þjónustusviðs Rf með ýmsar mælingar. Eðli málsins samkvæmt hentar þeim betur að fá sýni sem falla vel inn í vinnuferlið hjá þeim og þá er oft leitað til þjónustusviðs Rf með sértækari sýni, sem krefjast meiri sérhæfingar í mælingum. Þannig hefur þjónustusviðið orðið bakhjarl fyrir einkarekstur á þessu sviði og um leið er tryggt að sú faglega þekking sem er til staðar innan stofnunarinnar glattist ekki.

Þjónustusviðið er að styrkja sig sem stöðdeild fyrir rannsóknaverkefni Rf og stefnt er að því að auka enn frekar á sérhæfingu á ýmsum sviðum mælinga tengdum matvælaíðnaði og draga þannig þjónustusviðið út úr samkeppnisrekstri á sviði þjónustumælinga. Breyting af þessu tagi krefst sveigjanleika og góðrar menntunar starfsmanna.

Starfsstöðin í Neskaupsstað hefur tekið að sér verkefni við umhverfissvöktun vegna nýja álversins sem verið er að byggja í Reyðarfirði. Verkefnið er unnið í samvinnu við Iðntæknistofnun. Það styrkir starfsemi starfsstöðvarinnar í Neskaupsstað verulega. Talsverðar sveiflur hafa verið í starfsemi starfsstöðvarinnar í Neskaupsstað þar sem hún hefur að mestu leyti snúist í kringum loðnu- og sildarveiðarnar. Meiri samfella er orðin í starfseminni með tilkomu kolmunnaveiða og nú með umhverfissvöktuninni fyrir álverið.

Starfsmenn þjónustusviðs eru núna níu í Reykjavík og þrír í Neskaupsstað. Með breytingum á starfsemi útibúanna létu níu manns af störfum og hafa margir þeirra fengið störf hjá einkafyrirtækjunum sem tóku við þjónustumælingunum eða á viðkomandi stöðum.



Rannsóknasvið Rf

Hagur af þátttöku í erlendum verkefnum er ekki síst sá að flytja nýja þekkingu erlendis frá inn í Rf og íslenskan sjávarútveg. Gildi þess að Rf sé öflug rannsóknastofnun er sú að með því getur stofnunin leitt ýmis rannsóknaverkefni og getur þar með líka haft meiri áhrif á þau verkefni sem tekið er þátt í. Þátttaka í erlendum verkefnum gerir Rf hæfara til að vera leiðandi í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum. Rf stýrir núna tveimur af sautján verkefnum innan stóra Evrópuverkefnisins SEAFOODplus, sem þykir markverður árangur þegar lítið er til stærðar Rf. Niðurstöður verkefnanna nýtast beint inn í íslenskan sjávarútveg. Þátttaka í Evrópuverkefnunum skiptir miklu máli fyrir Rf því ekki er aðeins verið að flytja þekkingu til landsins heldur er einnig verið að koma á framfæri á erlendum vettvangi stöðu íslensks sjávarútvegs. Það er jákvætt að sýnt sé fram á að íslenskur sjávarútvegur standi framarlega og að baki honum séu hæfir og öflugir sérfræðingar því Íslendingar markaðssetja sínar vörur alls staðar í heiminum.

Rf hóf fyrir tveimur árum markvissa stefnumótun fyrir stofnunina. Þau svið sem Rf hyggst leggja ríka áherslu á eru fjögur:

- Öryggi og heilnæmi sjávarfangs
- Fiskeldi
- Líftækni og nýjar afurðir
- Kældar afurðir



Fyrst er að telja öryggi og heilnæmi sjávarfangs. Það skiptir sjávarútveginn miklu máli að geta sýnt fram á það að íslenskt sjávarfang sé öruggt til neyslu og standist allan samanburð við annað sjávarfang á heimsmarkaði. Vandamálið hefur verið það að ekki hafa verið til nægileg gögn sem varða öryggi og heilnæmi sjávarfangs. Fyrir tveimur árum var því sett af stað verkefni sem miðaði að því að afla frekari gagna og er stefnt að því að innan skamms verði til aðgengilegur gagnagrunnur með upplýsingum um öryggi sjávarfangs. Upplýsingar af þessu tagi eru ekki síður nauðsynlegar til þess að geta varið íslenskt sjávarfang gagnvart lögum og reglugerðum sem settar eru á markaðssvæðum íslensks sjávarfangs. Einnig er mikilvægt að draga fram í sviðsljósið staðreyndir um heilnæmi sjávarfangs og í hluta SEAFOODplus verkefnisins eru einmitt dregin fram áhrif fiskneyslu á heilsufar. Rf vill vinna að því að skapa íslensku sjávarfangi þá ímynd að um holla matvöru sé að ræða og sannfæra neytendur á alþjóðavísu um það á vísindalegan hátt. En ekki má gleyma heima-markaðnum. Ef fiskneysla er mikil á Íslandi hjálpar það til við markaðssetningu annars staðar. Rf er að ýta úr vör verkefni í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sem snýst um að kanna viðhorf ungs fólks til fisks sem fæðu og hvernig hægt er að hafa áhrif á afstöðu unga fólksins til þessarar heilnæmu fæðu. Leitast verður við að finna þá þætti sem hafa áhrif á að ungt fólk neytir fisks eða forðast hann.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvaðan fiskurinn muni koma í framtíðinni. Annars vegar mun það hráefni sem við höfum í dag verða nýtt mun betur, bæði í formi nýrra afurða og með því að auka verðmæti þess. Hins vegar verður áherslan á það að búa til nýtt hráefni og margt bendir til þess að afurðir úr fiskeldi eigi eftir að auka hlut sinn. Það skiptir gríðarlegu máli að Íslendingar verði þátttakendur í þróun fiskeldis því annars er hætt á því að við verðum undir í samkeppni á hefðbundnum mörkuðum okkar fyrir fisk. Rf tekur þátt í mörgum verkefnum til að aðstoða iðnaðinn við að koma inn með nýtt hráefni. Rf stendur vel að vígi hvað varðar gæðamál, vinnslu og fóðrun. Stofnuð var fiskeldisdeild innan Rf fyrir þremur árum með einu stöðugildi en nú starfa þar sex manns að rannsóknum. Rf fékk styrk til að byggja átta eldiskvíar í samstarfi við HG í Hnífsdal þar sem ræktaður verður þorskur. HG mun reka kvíarnar en Rf stunda rannsóknir, sem snúa t.d. að áhrifum ljóss á vaxtarhraða.

Líftæknin kemur til skjalanna þegar þróa skal nýjar og verðmætari afurðir úr sjávarfangi. Stærstur hluti loðnu og kolmunna lendir í dag neðst í virðiskeðjunni sem fódur en með því að vinna nýjar og verðmætari afurðir er hægt að auka verðmæti sjávarfangs verulega. Mikil áhersla hefur verið lögð á rannsóknir á próteini, sem mikið er notað t.a.m. í fæðubótarefni. Fiskprótein hafa hins vegar ekki ennþá verið nýtt í þróaðar vörur af þessu tagi og er Rf að vinna að mörgum verkefnum á sviði próteinrannsókna.

Fjórða sviðið í rannsóknáherslum Rf er kældar afurðir. Þar snýst málið um að auka gæði hráefnisins, auka geymsluþol og rannsóknir á kælitækni, en ekki hvað síst að þeim þáttum sem snúa að neytendapakningum og neytendum. Mikill vöxtur hefur verið í útflutningi ferskra afurða á síðustu árum til að mæta þörfum markaðarins, en á helstu og verðmætustu mörkuðum íslensks sjávarfangs hefur orðið mikil aukning í sölu ferskra matvæla. Með betri kælingu frá veiðum til markaðar er unnt að auka verðmætin verulega. Rf er með verkefni í gangi sem kallast Vinnsluspá, og snýst um það hvar fiskurinn er veiddur og hvernig hráefnið er eftir mismunandi fiskimiðum og árstíma. Upplýsingar um veiðarnar koma frá útgerðinni og Rf vinnur síðan úr þeim. Vonast er til að mikill árangur náist í að auka verðmæti sjávarfangs með vinnsluspánni.

Rannsóknasviði Rf er skipt í fjórar deildir: Vinnsla og þróun, Neytendur og öryggi, Umhverfi og gæði og Fiskeldi.

Vinnsla og þróun

Á milli 20-30 verkefni eru í gangi hjá deildinni, og hefur þeim fjölgað á síðustu árum með stóru auknu samstarfi við sjávarútvegsfyrirtækin í landinu. Ein ástæðan er AVS sjóðurinn og í framhaldi af því öflugt, alþjóðlegt samstarf. Einn þáttur í starfseminni er framleiðslustjórnun í tengslum við veiðar og vinnslu og markmiðið er að auka verðmætin með því að koma með betri fisk að landi. Verkefni af þessu tagi eru þegar farin að skila árangri hjá þeim fyrirtækjum sem hafa verið í samstarfi við Rf. Fyrirtækin eru farin að leggja meiri áherslu á að aflinn sem kemur að landi nýtist landvinnslunni í betri flakanýtingu og í lágmarks ormafjölda og mari í fiski. Í verkefninu felast rannsóknir sem beinast að veiðislóð og veiðitíma og markmiðið er að tengja þær rannsóknir betri nýtingu á hráefninu. Í grunninn má segja að um sé

að ræða veiðistjórn út frá hagsmunum vinnslunnar og arðsemi hennar. Samfara þessu fer fram mikil gagnasöfnun í samstarfi við sjávarútvegsfyrirtæki. Fiskur af ákveðinni fiskislóð er mældur og gögnunum safnað saman. Úr þessum upplýsingum er unnið tölfræðilegt líkan sem segir til um hvar hægt sé að veiða besta fiskinn á hverjum tíma. Tölfræðin er sett upp í myndrænan grunn í formi veiðikorts af miðunum sem sýnir hvar besti fiskurinn og besta nýtingin af hráefninu er. Verkefnið hefur vakið mikinn áhuga fyrirtækjanna í landinu og þau eru farin að fylgjast grannt með framvindunni. Enn sem komið er eru þó einungis fá fyrirtæki samstarfsaðilar Rf í þessu verkefni. Skipstjórar þessara útgerða búa núna yfir þeim upplýsingum að þorskur á vissri slóð er í betri holdum á ákveðnum tíma en þorskur á öðrum veiðisvæðum og sömuleiðis geta þeir á grunni þessara upplýsinga forðast ákveðin hölf þar sem er tölfræðileg vitneskja um að fiskurinn er með mikið af ormi. Vinnslunýtingin snýst um flaka- og bitavinnslu á þorski og hvernig framleiðnin tengist þessum þáttum. Verkunarnýtingin felst í því að rannsaka til dæmis saltaðar og léttsaltaðar afurðir fyrir Spánarmarkað og hvort munur sé á nýtingu hráefnisins úr þeirri vinnslu eftir veiðislóð og árstíma. Allar upplýsingar á þessu sviði geta skilað mun betri nýtingu á hráefninu. Sem dæmi má nefna að aðeins 1% bætt nýting í þorski getur þýtt um 300 milljónir kr. í auknum tekjum.

Í lok ársins lauk stóru Evrópuverkefni, Cod by-product, sem snýr að nýtingu á aukahráefnum þorsks, ekki síst hausum og slógi. Nýjar vinnsluáferðir er flokkur verkefna og eru sumir þættir þess á lokastigi en aðrir á byrjunarreit. Sem dæmi um verkefni er Mýking síldarbeina, RF-hitun, Nýtt vinnsluferfi fyrir ísfiskskip, Flæðisöltun síldarafurða, Kolmunni í verðmætar afurðir, Lagskipt ker og Vatnsskurður. Verkefnin eru unnin í samstarfi við sjávarútvegsfyrirtækin. Mýking síldarbeina gekk út á að finna aðferðir til þess að mýkja síldarbein þannig að hægt væri að koma síldarflökum í auknum mæli í neytendafurðir. RF-hitun, (radio-frequency heating), snýst um það að gera fisk meðfærilegri í tilbúna rétti með hitun með nýrri tækni. Verkefninu lýkur 2005 og fer í kynningu 2006. Nýtt vinnsluferfi fyrir ísfiskskip felur í sér endurskipulagningu á vinnsluferfi fyrir ísfiskskip í því skyni að bæta nýtingu og gæði. Flæðisöltun síldarafurða snýst um að bylta við síldarsöltun með því að salta síldina með hraðvirkari hætti. Verkefnið er unnið í samstarfi við Síldarvinnsluna í Neskaupstað. Verið er að þróa betra kælikerfi um borð í nótaveiðiskipum svo hægt sé að koma með kolmunna að landi og nýta hann til manneldis. Lagskipt ker er unnið í

samstarfi við Sæplast. Verkefnið gengur út á það hvort hægt sé að minnka þrýsting á fisk með því að lagskipta kerum og fá þannig út meiri nýtingu og minni galla í fiskinum.

Þá skipa verkefni sem lúta að vinnslu próteina og peptíða úr fiski stóran sess í verkefnum deildarinnar. Tveir þriðju af öllum sjávaraflla Íslendinga fer nú í fiskmjöl og lýsi. Ef hægt er að auka hlutfallið af þessum afla til matvælaframleiðslu eða afurða sem fara inn á markað fyrir heilsuvörur og fæðubótarefni er hægt að stórauka verðmæti hráefnisins. Verið er að rannsaka vinnsluáferðir og tæknileg úrlausnarefni í tengslum við slíka vinnslu og unnið er að ýmsum verkefnum á þessu sviði.

Neytendur og öryggi

Ein af áherslum deildarinnar hefur verið að stuðla að bættum gæðum fisks og á árinu lauk Evrópuverkefni á því sviði. Verkefnið fólst í því að kynna gæðastuðulsáferðina QIM fyrir fiskiðnaði í Evrópu og stuðla með því að samræmd áferð verði tekin upp í skynmati á ferskum fiski. Samræmd áferð við mat á ferskum fiski mun greiða fyrir viðskiptum með fisk á fiskmörkuðum og verða nauðsynlegur þáttur í framleiðslu- og gæðastýringu í fiskiðnaði. Í verkefninu var QIM kynnt á sjávarútvegssýningum í Evrópu, greinar voru skrifaðar í blöð og tímarit, handbók um skynmat á ferskum fiski var þýdd og gefin út á 10 tungumálum og hvatt var til umræðu um ferskfiskmat með þátttöku á fundum hjá hagsmunaaðilum. Árangur af verkefnum á þessu sviði hefur skilað sér í því að QIM áferðin er orðin þekkt í fiskiðnaði og fiskmörkuðum víða í Evrópu og hún er mjög mikið notuð í rannsóknum.

Að undanförunu hefur meiri áhersla verið lögð á neytendarannsóknir í tengslum við skynmatið. Þessi aukna áhersla skilaði sér í því að Rf varð þátttakandi í Evrópuverkefni sem heitir SeafoodSense og er hluti af SEAFOODplus verkefninu. Verkefnið kallast Aukin skynmatsgæði sjávarafurða fyrir neytandann og er þar skoðað hvernig neytandinn skynjar neyslugæði og tengt er saman skynmat þjálfaðs skynmatshóps, mat neytenda í neytendakönnunum og atferli og viðhorf neytenda.

Þá er unnið að verkefnum á sviði örvera sem geta reynst hættulegar í sjávarafurðum og þeim sem valda skemmdum. Yfirvöld setja fram kröfur um heilnæmi sjávarfangs og lágan örverufjölda í þeim og Rf þarf að



bregðast við með rannsóknum á þessu sviði. Annars vegar snúa verkefni að hreinlæti við vinnslu sjávarafurða og hins vegar hraðvirkum áferðum við örverugreiningar. Um allan heim hefur athygli neytenda í auknum mæli beinst að öryggi matvæla, ekki síst vegna aukinnar tíðni sjúkdóma af völdum örvera. Mengun af völdum örvera er einn afdrífari þátturinn sem hefur áhrif á öryggi matvæla í meðhöndlun og vinnsluferli. Mikið er hér í húfi fyrir Íslendinga, svo hægt sé að viðhalda góðri mynd íslenskra sjávarafurða og tryggja þannig öruggar útflutningstekjur vegna þeirra.

Nokkrum verkefnum sem þessu tengjast lauk á síðasta ári. Til að mynda var rannsakað þol örvera gegn ýmsum sótthreinsiefnum. Sett var upp tilraunaaðstaða til þess að prófa hreinsiefni og efni sem notuð eru í smíði véla og tækja. Prófuð voru áhrif mismunandi hreinsiefna á bakteríur sem eru fastar á yfirborði tækja. Þetta var gert í samstarfi við vélaframleiðendur hér á landi. Niðurstöður þessara rannsókna eru m.a. vísendingar um hvaða bakteríur hafa þol gagnvart ýmsum algengum sótthreinsiefnum.

Rf stefnir að aukinni þekkingu á sviði hraðvirkra áferða við örverugreiningar. Áferðirnar geta nýst iðnaðinum þannig að niðurstöður af örverugreiningum geta legið fyrir innan sólarhrings en þær taka nú mun lengri tíma með hefðbundnum áferðum. Hraðvirkar greiningar verða ódýrari er fram í sækir og munu stuðla að meira öryggi sjávarfangs. Starfsmönnum hefur verið fjölgað á sviði sameindafræðilegra rannsókna, sem byggjast á einangrun, greiningu og samanburði á einstökum stofnum. Þetta eru þær áferðir sem örverugreiningar eru að þróast í. Rf hefur fengið nýtt tæki sem kallast Real Time PCR, sem hefur opnað margar dyr í þessum rannsóknum.


Umhverfi og gæði

Rf hefur lagt aukna áherslu á öryggi og heilnæmi sjávarfangs á síðasta ári. Deildin hefur séð um að fylgja þeirri áherslu eftir. Rf tók saman skýrslu um "Leiðir til þess að auka öryggi útflutningstekna sjávarafurða" að beiðni sjávarútvegsráðuneytisins. Skýrslan var unnin á síðasta ári og í henni eru lagðar fram tillögur til sjávarútvegsráðherra sem lúta m.a. að því að leggja meiri áherslu á þá staðreynd að sjávarfang er heilnæm fæða. Jafnframt var lagt til að komið yrði upp gagnagrundi um efnainnihald og örverur í sjávarfangi, að vöktun á mengunar- og heilsuþætandi efnum í sjávarfangi verði eflað, að leiðir verði fundnar til þess að meta áhættu sem er samfara neyslu á sjávarafurðum og loks að byggt yrði upp nýtt svið innan Rf sem hefði öryggi og heilnæmi sjávarafurða í brennidepli. Þessar tillögur eru í samræmi við helstu rannsóknaráherslur Rf. Á grundvelli skýrslunnar fékkst aukið ríkisframlag til rannsókna á þessu sviði. Unnið var að því að byggja upp hluta af sviðinu á Akureyri. Þar verður til að byrja með byggt upp nýtt rannsóknarsvið sem felur í sér rannsóknir á þrávirkum lífrænum efnum í sjávarfangi og hefur sérfræðingur verið ráðinn í því skyni. Skýrslan, "Leiðir til þess að auka öryggi útflutningstekna sjávarafurða" er aðgengileg á heimasíðu Rf.

Unnið var áfram af auknum krafti að verkefnum á sviði óæskilegra efna í sjávarfangi s.s. verkefnið, Óæskileg efni í sjávarfangi, sem hrint var úr vör á

árinu 2003. Nú þegar liggja fyrir töluvert af gögnum um magn efna í íslenskum sjávarafurðum sem nýttast mun beint við markaðsetningu á íslensku sjávarfangi. Takmarkað eftirlit hefur almennt verið með óæskilegum efnum í ætilegum hluta sjávarfangs fram til þessa hér á landi. Með þessu verkefni er verið að afla upplýsinga á þessu sviði í fyrsta sinn fyrir margar tegundir sjávarfangs. Niðurstöður er að finna í skýrslu sem kom út 2004 og vistuð er á heimasíðu Rf. Þær benda allar í þá átt að allt sjávarfang sem veitt er hér við land og fer til mannelis sé undir þeim mörkum sem Evrópusambandið hefur sett. Mjög lág gildi voru í því sjávarfangi sem mælt var, en nú er framundan að safna enn frekari gögnum. Hagnýtt gildi þessara rannsókna er ekki sist á sviði markaðsmála því upplýsingar á þessu sviði er mikilvægt verkfæri í allri markaðssókn

Önnur verkefni á deildinni snúa meðal annars að gæðum á íslensku sjávarfangi og hvernig má auka verðmæti þess. Loðnulýsi er ein af þeim aukaafurðum úr sjávarfangi sem líklega má auka að verðmætum. Nú stendur yfir rannsókn um hvort unnt sé að nýta loðnulýsi sem matarolíu. Gæði lýsisins skipta þar meginmáli og í því samhengi hvenær árs hráefnisins er aflað, hvernig gengið er frá hráefninu og hvort áta sé í því, svo fáeinir þættir séu nefndir sem geta haft áhrif á gæði hráefnisins. Verkefnið er komið vel áleiðis, grunnvinna við vöruþróun á afurð er hafin, en skynmat og geymsluþolstilraunir eru í undirbúningi.



Fiskeldi

Í ársbyrjun 2003 var stofnuð sérstök fiskeldisdeild á Rf og hefur deildinni vaxið fiskur um hrygg síðan. Markmið deildarinnar er að efla fiskeldisrannsóknir innan Rf og stuðla að samstarfi við vaxandi fiskeldis-iðnað í landinu. Óhætt er að segja að AVS sjóður sjávarútvegsráðuneytisins hafi greitt fyrir rannsóknasamstarfi við fyrirtæki í þessari grein og stuðlað að aukinni verðmætasköpun. Megináhersla er lögð á sjávartegundir og helstu áherslusvið deildarinnar hafa verið á fôður og áhrif fôðurs og fôðrunar frá upphafi eldisferils. Verkefnum fjölgaði mikið á árinu og nú eru um tólf verkefni í gangi hjá deildinni. Þessum verkefnum má í grófum dráttum skipta í fernt:

- þróun ódýrara fôðurs sem uppfyllir næringarþarfir þorsks af mismunandi stærðarflokkum
- hvernig sporna má við bakteríuálagi og auka afkomu á fyrstu stigum eldis sjávartegunda
- áhrif fôðrunar, vinnslu og meðhöndlunar hráefnis á gæði eldisþorsks
- nýjar áherslur er lúta að rannsóknum í sjókvíældi á þorski (áhrif ljóss á vöxt, kynþroska og gæði afurða)

Sem dæmi um rannsóknir á þróun fôðurs fyrir þorsk má nefna norrænt samstarfsverkefni sem styrkt er af Norræna Iðnþróunarsjóðnum með viðbótarfjármögnun úr AVS og sem Rf stýrir. Þátttakendur í því eru 18 fyrirtæki og stofnanir á Norðurlöndunum og er markmið þess að kanna próteinþörf þorsks af fjórum mismunandi stærðarhópum.

Verkefni unnin í samstarfi við lúðueldi Fiskey ehf. hafa skilað góðum árangri til fyrirtækisins á liðnum árum og hefur Fiskey ehf. eflt enn frekar rannsóknasamstarf sitt við Rf á þessu sviði, en Fiskey ehf. hefur um árabíl verið stærsti framleiðandi lúðuseiða í heiminum. Megin áhersla hefur verið lögð á bakteríuvöxt og lífrænt álag í eldinu en afföll hafa verið talsverð í seiðum af völdum baktería. Ein leið til þess að hafa áhrif á það mikla bakteríuálag sem er á fyrstu stigum fiskeldis er að nota "góðar" bakteríur, á sama hátt og maðurinn notar LGG. Fundist hefur blanda af bakteríum sem bætt er út í umhverfið á fyrstu stigum eldisins og sýna fyrstu niðurstöður að þetta hefur góð áhrif á vöxt og afkomu lirfa. Bein tengsl hafa komið í ljós á milli fjölda baktería í umhverfinu og fjölda gapara en það eru gallaðar lirfur þar sem kjafturinn læsist í opinni stöðu og lirfurnar hafa því ekki möguleika á að nærast þegar innihald kviðpoka er uppur. Rannsóknir sýna að með þeirri blöndu af "góðum" bakteríum sem bætt hefur verið út í umhverfið hefur hlutfall gapara lækkað um allt að 20%, sem eykur seiðafjöldann sem því nemur.

Eitt áherslusviðið á fiskeldisdeild Rf er að kanna áhrif mismunandi meðhöndlunar, vinnslu og framleiðsluþátta á gæði afurðanna. Í verkefnum Framtíðarþorskur voru gerðar ýmsar tilraunir á eldisfiski sem snúa að kælingu, vinnslu fyrir eða eftir dauðastirðnun, og sveltí fyrir slátrun. Verkefnið fjallaði um marga þætti sem hafa áhrif á gæði hráefnisins. Nýjar áherslur innan deildarinnar snúa að uppbyggingu rannsókna á áhrifum ljóss á lífeðlisfræði þorsks s.s. vöxt og kynþroska. Í því skyni var lagður grundvöllur að því að setja upp rannsóknarkvíar í eigu Rf á Vestfjörðum.



Kynning á nokkrum verkefnum

PAH efni í reykum sjávarafurðum og kjöti Verkefnisstjóri: Helga Halldórsdóttir

PAH (polyaromatic hydrocarbons) eða fjölhringa kolvatnsefni er mjög stór hópur lífrænna efna sem gerð eru úr tveimur eða fleiri aromátískum hringjum og verða til við ófullkominn bruna. Efnin er að finna í reykum matvælum og sum þeirra eru talin krabbameinsvaldandi. Rannsóknarverkefnið, undir stjórn Helgu Halldórsdóttur, hófst árið 2004 og var það meistara-verkefni hennar við Háskóla Íslands. Markmiðin voru þau að setja upp aðferð á Rf til mælinga á PAH efnum og að kanna styrk PAH efna í reykum afurðum, bæði til útflutnings og á innanlandsmarkaði. Innlendir framleiðendur sendu inn sýni af fiskmeti og kjöti þar sem reykingartími var allt frá 20 mínútum og upp í tvo og hálfan sólarhring. Aðallega var notast við tvær gerðir af brenni, þ.e. birki og beyki, en flest hangikjötssýnin voru taðreykt. Breytileiki reyndist vera í styrk PAH efna. Mest mældist af léttari PAH efnunum og var algengast að léttasta efnið, naphthalene, væri á bilinu 50-70% af heildarstyrk þeirra 15 PAH efna sem mæld voru. Þetta er mikilvægt þar sem léttari PAH efnin eru ekki talin krabbameinsvaldandi. Vegna væntanlegrar reglugerðar ESB um leyfilegt hámark BaP var mikil eftirvænting að sjá hvort þetta efni væri að finna í reykum íslenskum afurðum. BaP, sem talið er krabbameinsvaldandi, greindist í tveimur sýnum, annars vegar í silungi sem reykur var á hefðbundinn hátt nokkuð lengi, 48-60 klst, og ofnreyktu laxasýni. Bæði gildin voru reyndar undir væntanlegu hámarksgildi ESB. Neyta þarf 230 g af silungnum á dag til þess að ná hæstu daglegri inntöku af BaP, eins og hún hefur verið metin af Evrópusambandinu. Almennt má segja um þau reykta matvæli sem voru skoðuð í þessu verkefni, að áhætta sé lítil á að mikið af BaP berist í neytendur.

Rafnef fyrir gæðamat á reykum laxi Verkefnisstjóri á Rf: Guðrún Ólafsdóttir

Verkefnið "Fishnose," sem styrkt var af Evrópusambandinu, hófst árið 2002 og lauk í árslok 2004. Rafnefstækni er fremur ný af nálinni en tækninni hefur ekki verið beitt áður á reykta lax. Rf hefur hins vegar um árabil unnið með frumgerð að íslensku rafnefi, "FreshSense", til að meta skemmdir í ferskum fiski sem geymdur er við ýmsar aðstæður og eru þessar rannsóknir hluti af doktorsnámi Guðrúnar Ólafsdóttur við Háskóla Íslands.

Franska fyrirtækið AlphaMOS hefur þróað og framleitt rafnef sem var hvatinn að verkefninu. Verkefnið miðaði að því að þróa hagkvæmt og einfalt tæki til að nota í iðnaði til þess að meta gæði á reykum laxi. Skynjarar í rafnefinu greina efni í lofti, sem myndast í fiski við geymslu og valda skemmdarlykt. Gerðar voru rannsóknir á hæfni tækisins til þess að meta skemmdir í fisk frá fjórum mismunandi framleiðendum. Rf sá um skynmat, efnamælingar og örverumælingar. Rannsóknin leiddi í ljós að tækið getur vel greint þau efni sem myndast við skemmd. Talið var að það yrði vandamál að mikil lykt er af reykum laxi og að þau efni sem mynda reykjarlyktina myndu raska svörun rafnefsins, en ekki reyndist ástæða til þess að hafa áhyggjur af því. Tækið virkar vel til þess að meta skemmd í reykum laxi af völdum örvera og þess vegna mætti aðlaga það fyrir ýmsa viðkvæma matvöru svo sem fisk og kjötvörur. Tækni af þessu tagi gæti einkum nýst stórum fyrirtækjum með mjög mikla framleiðslu, þar sem hægt væri að koma að gæðaeftirliti með rafnefi á færibandi.



Framtíðarþorskur

Verkefnisstjóri: Soffía Vala Tryggvadóttir

Þetta verkefni var unnið í samvinnu við nokkra helstu aðila í þorskeldi, þ.e.a.s. Gunnvöru efh. í Hnífsdal, Þórodd ehf. á Tálknafirði og Brim fiskeldi ehf. á Akureyri og unnið með styrk frá Rannís. Tilgangur verkefnisins var sá að staðla vinnureglur um hvernig staðið er að fôðrun og vinnslu á eldisþorski með tilliti til gæða. Í framhaldinu var eldisþorskur frá þessum fyrirtækjum borinn saman við villtan þorsk, bæði úr aleldi og áframeldi á undirmálsfiski. Tólf manna hópur skynmatsmanna dæmdi fiskinn og eru niðurstöðurnar þær að eldisþorskur er öðruvísi en villtur. Sýna marktækar niðurstöður m.a. að eldisþorskur er þurrari, stífari og seigari en villtur og að áferðin á fiskholdi eldisþorsksins líkist meira steinbíti en villtum þorski. Iðntæknistofnun (Matra) er einnig þátttakandi í verkefninu og sá um myndgreiningu á fisknum. Þar kom fram að meiri vökvi er á milli fruma í eldisþorski en villtum. Það er talið geta skýrt hvers vegna vatnsheldni eldisþorsks er minni en hjá villtum þorsk. Talið er að millifrumuvökvinn sé laust vatn sem geti lekið út við geymslu og af þeim sökum verði hann þurrari. Sótt verður um styrk til AVS til þess að rannsaka þetta nánar. Eldisþorskurinn þótti þó ekki síðri matvara en villtur þorskur.

Ódýrir próteingjafar sem valkostur við hágæða fiskimjöl í þorskfôður

Verkefnisstjóri á Rf: Rannveig Björnsdóttir

Á síðasta ári lauk verkefninu Ódýrir próteingjafar sem valkostur við hágæða fiskimjöl í þorskfôður, sem styrkt var af AVS sjóðnum. Verkefnið var samstarfsverkefni Fôðurverksmiðjunnar Laxár, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Háskólans á Akureyri, Hólaskóla-Háskólans á Hólum og Hafrannsóknastofnunar. Framkvæmd verkefnisins var að mestu í höndum Þorvalds Þóroddssonar, nemanda í rannsóknatengdu meistaranámi við Háskóla Íslands og Rf. Verkefnið hófst í lok árs 2003 og helsta markmiðið var að leita leiða til lækkunar á fôðurstofnaði við eldi á þorski. Helstu niðurstöður verkefnisins eru þær að unnt er að lækka fôðurstofnað um 5% með því að skipta út hágæðafiskimjöli fyrir sojamjöl. Rannsóknin miðaðist við seiði sem voru 25-100 grömm. 12% af hágæðafiskimjöli var skipt út fyrir sojaprótein og jafnframt var skipt út 16% af hágæðafiskimjöli fyrir maísglútenmjöl. Þá voru prófuð

mismunandi gæði fiskimjöls, þ.e.a.s. fiskimjöl af lökustu gæðum og mjöl af milligæðum. Fôðurstofnaður er yfirleitt um 50-60% alls kostnaðar í þorskeldi. Með því að lækka þennan kostnað um 5% er hægt að spara verulegar fjárhæðir í eldinu. Verið er að fara í framhaldsverkefni þessu tengt þar sem rannsakað verður mismunandi fituhlutfall í fôðri en fituhlutfallið getur haft áhrif á próteinnýtnina í fôðrinu.



Aukið verðmæti í saltfiskvinnslu

Verkefnisstjóri: Emilía Martinsdóttir

Þetta verkefni var styrkt af AVS-rannsóknasjóði og SÍF hf. sem jafnframt voru samstarfsaðilar. Niðurstöður tilraunanna voru gefnar út í verkefnaskýrslu Rf í desember 2004. Til að saltfiskur haldi markaðs-hlutdeild sinni er mikilvægt að hægt sé að selja hann útvatnaðan og að tryggja nægilega langt geymsluþol hans sem kælivöru. Meginmarkmið verkefnisins var að skapa möguleika á að útvatna og fullvinna saltfisk í neytendapakningar til að auka verðmætasköpun í saltfiskvinnslu. Kannað var hvaða áhrif gasþökkun (MAP) og þá mismunandi samsetning gastegunda í umbúðum hafði á gæði og geymsluþol útvatnaðs saltfisks ásamt notkun kalíum sorbats og sítrónusýru. Örverutalningar, efnamælingar og skynmat var notað til mats á geymsluþoli. Ákveðið var að nota gasblönduna CO₂/N₂/O₂:75/20/5, sorbatidýfu í 3% lausn í 60 sek og idýfingu í 0,2% sítrónusýrulausn í 2 klst í ýmsum samsetningum. Útvatnanir voru gerðar hjá SÍF hf. og eftir þökkun hjá Rf voru flökin geymd við 1,0±0,2°C og við 5,7±0,8°C. Flökunum var pakkað í opna poka, í MAP eingöngu, í MAP með sítrónusýru, sorbati og báðum efnunum saman.

Á fyrstu dögum geymslu er sýnum lýst með jákvæðum skynmatsþáttum, svo sem sætri og einkennandi lykt og bragði, lykt og bragð sem minnir á sjó, smjör, soðna mjólk og soðnar kartöflur þ.e. lykt og bragð sem einkenna verkunarbragð af útvötnuðum þorski. Í upphafi var áferð fisksins safarík, stinn, gúmmíkennð og seig en þessi einkenni minnkuðu með geymslu. Vaxtarhraði örvera var langmestur í opnum poka. Ljóst er að gaspökkun ein og sér hafði mjög vaxtarhemjandi áhrif. Áhrifin uxu síðan enn við notkun á sítrónusýru og sorbati. Samverkandi áhrif þessara efna voru greinileg. Niðurstöður skynmats (skemmdarþátta) auk TVB- og TMA mælinga voru í samræmi við örverutalningar. Ljóst er að geymsluhitastig hefur veruleg áhrif á geymsluþol. Þökkun í MAP hafði einnig mikil áhrif á lengingu geymsluþols, einkum við lágt hitastig og jökst geymsluþolið úr 5 dögum í 18 við gaspökkunina. Íblöndun sítrónusýru lengdi geymsluþolið enn frekar í 24 daga og þar sem sorbat var notað jökst það í a.m.k. 33 daga.

Fiskprótein sem fæðubótarefni

Verkefnisstjóri: Margrét Geirsdóttir

Íslendingar veiða um eina milljón tonn af uppsjávarfiski á ári, en þetta magn inniheldur nálægt 200.000 tonn af próteini. Rannsóknir á vinnslu á próteinum og peptíðum úr fiski hófst fyrir u.þ.b. átta árum með norrænu verkefni sem snerist að mestu um vinnslu próteins úr síld. Í verkefninu var sett upp tilraunaverksmiðja á Akranesi til þess að einangra prótein úr fiski. Í framhaldi af því fór Margrét Geirsdóttir, starfsmaður Rf, í doktorsnám í vinnslu á próteinum úr fiski og vannur hún að rannsóknum á því hvernig ensím eru notuð til þess að brjóta prótein niður í ákveðnar afurðir. Þá er Rf í samstarfi við níu aðila í Frakklandi, Portúgal og Danmörku í Evrópuverkefninu SEAFOODplus sem snýst m.a. um það að finna með þessum nýju vinnsluaðferðum þætti í próteinunum sem hafa heilsuþætandi áhrif, og finna bestu leiðir til þess að einangra þau og vinna í ákveðna vöru sem hægt er að nota í tilbúin matvæli. Fyrstu niðurstöður lofa mjög góðu. Töluvert hefur fundist af lífvirkni í sýnum, sem er fyrsta vísbending um að það séu heilsuþætandi áhrif í þessum vörum. Verið er að rannsaka hvort efnin hafi áhrif til lækkunar á blóðþrýstingi, hemjandi áhrif á krabbamein og stjórnun á magastarfsemi. Fundist hafa jákvæðar niðurstöður á mörgum sviðum og nú stendur til að stilla vinnsluferilinn þannig af að hægt sé að einangra hin lífvirku efni betur og magna upp eiginleika þeirra. Þá er einnig framundan að prófa virkni þeirra á menn í neytenda-prófunum.

Forvarnir í fiskeldi

Verkefnisstjóri: Héléne Liette Lauzon

Mikil uppbygging á sér stað í sjávarfiskaeldi hjá nágrannaþjóðum okkar og samkeppnislöndum sem gæti haft viðtæk áhrif á markaðssetningu villts fisks jafnt sem eldisfisks frá íslenskum framleiðendum. Vöxtur óæskilegra örvera í fiskeldi er vel þekkt vandamál sem m.a. veldur lélegum vexti og miklum afföllum á fyrstu stigum seiðaeldisins. Nauðsynlegt er að finna leiðir og þróa aðferðir til að greina og bæta umhverfiþætti í eldinu, lífræna og ólífræna, á frumstigi eldisins, þ.e. frá klaki til loka lírfuskeiðs, en á því tímabili eru afföllin hvað mest. Meginmarkmið þessa verkefnis er að auka samkeppnishæfni og hagkvæmni við stríðeldi þorsks og lúðu hér á landi með því að auka lifun hrognna og lifra og stuðla að auknum vexti lifra í startföðrun.

Þetta getur náðst með aukinni þekkingu á líf- og efnafræðilegum þáttum þors- og lúðueldisins, jákvæðum sem og neikvæðum. Það gefur möguleika á að þróa forvarnaaðferðir til þess að stýra þeim þáttum sem hafa áhrif á afkomu lifra, skapa þeim æskilegt eldisumhverfi og möguleika til jafnari vaxtar og hámarksnýtingar fæðu. AVS sjóðurinn styrkir þetta verkefni sem er skipt í tvo megin hluta: A) forvarnir í þorskeldi (2004-2007), og B) flokkun örvera og notkun probiotika í lúða og þorski (2004-2006). Orðið "probiotika" merkir notkun lifandi baktería sem fæðubótarefnis í þeim tilgangi að hafa jákvæð áhrif á viðkomandi einstakling, t.d. með því að bæta örverufræðilegt jafnvægi í meltingarvegi hans. Í A-hlutunum er áherslan lögð á skilgreiningu á þeim þáttum eldisins/ eldisumhverfisins sem hafa neikvæð áhrif á afkomu og þroska þorsklirfa; á einangrun og greiningu æskilegra baktería úr eldisumhverfinu; rannsóknir á virkni valdra (æskilegra) baktería; og á þróun forvarnaaðferða. Verkefnisstjóri A-hlutans er Héléne L. Lauzon á Rf. Samstarfsaðilar eru Tilraunastöð HÍ í meinafræði (m.a. Sigríður Guðmundsdóttir á Keldum) og Tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunarinnar (Agnar Steinarrson á Staði).

Meginmarkmið B-hlutans er að setja upp/þróa örverugreiningaraðferðar og flokka örveruflóru í lúðueldi með sameindafræðilegum aðferðum, auk þess að kanna áhrif valinnar probiotika-blöndu á vöxt og afkomu lúðu- og þorsklirfa. Verkefnisstjóri B-hlutans er Arnar Jónsson hjá Fiskey ehf. Samstarfsaðilar eru Rf á Akureyri/Háskólinn á Akureyri (Rannveig Björnsdóttir), Hólaskóli (Helgi Thorarensen), HÍ (Ágústa Guðmundsdóttir) og Náttúrufræðistofnun Íslands Akureyrarsetur (Viktor Mar Bonilla).

Ritstörf og erindi 2004

Árið 2004 komu út 15 verkefnaskýrslur á Rf, en það eru nokkuð færri skýrslur en árin þar á undan. Fjöldi skýrslna segir þó ekki allt um fjölda þeirra verkefna sem unnið er að á hverjum tíma, þannig má geta þess að sjö skýrslur komu út í einu og sama verkefninu árið 2003.

Í 6. rannsóknaráætlun Evrópusambandsins, sem hófst í ársbyrjun 2004, fækkaði einstökum verkefnum verulega en í staðinn er lögð áhersla á færri en stærri verkefni, s.k. "klasaverkefni." Árið 2004 voru sjö skýrslur sendar beint til ESB og eru hér flokkaðar undir **Aðrar skýrslur**. Búast má við að skýrslum til ESB fjölgi eftir því sem líður á 6. rannsóknaráætlunina.

Flestar skýrslur sem gefnar voru út sem Rf skýrslur á árinu 2004 tengdust því verkefnum sem unnin voru fyrir innlent styrktarfé, einkum frá Rannís og AVS sjóðnum.

Þar að auki voru þrjár Rf skýrslur unnar fyrir ráðuneyti, tvær fyrir sjávarútvegsráðuneytið og ein fyrir umhverfisráðuneytið. Loks var ein Rf skýrsla samvinnuverkefni Rf og Tækniháskóla Íslands.

Átta vísindagreinar eftir starfsfólk Rf birtust í erlendum vísindatímaritum árið 2004 og er það ánægjuefni þar sem uppfylla þarf strangar kröfur til þess að fá birtar greinar í slíkum ritum. Um er að ræða greinar þar sem starfsfólk Rf var ýmist aðal- eða meðhöfundar.



Rf og almannatengslafyrirtækið Athygli ehf., sem m.a. gefur út tímaritið *Ægi* hafa haft með sér gott samstarf um langt skeið og kom fyrirtækið m.a. að útgáfu Rf-Tíðinda á sínum tíma.

Margar greinar eftir starfsfólk Rf hafa birst í *Ægi* á undanförunum árum og áratugum og árið 2004 var þar engin undantekning.

Starfsfólk Rf flutti fjölda erinda á ráðstefnum og fundum, bæði hérlendis og á erlendum vettvangi. Haustfundur Rf, sá annar í röðinni, var haldinn í Saltfisksetrinu í Grindavík þann 12. nóvember og þar flutti starfsfólk Rf, ásamt góðum gestum, erindi og kynnti auk þess verkefni á veggspjöldum. Annar kynningarfundur var haldinn í samvinnu Rf og Auðlindaeildar Háskólans á Akureyri þann 23. nóvember.

Rf skýrslur

Gústaf Helgi Hjálmarsson, Sigurjón Arason, Kristín Anna Þórarinsdóttir, Jón Ö. Pálsson, Ari Wendel. 2004. *Áframeldi smáþorsks: Áhrif fóðrunar á vinnslueiginleika*. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, skýrsla 1-04, 64 bls., lokuð.

Ása Þorkeldsdóttir, Kolbrún Sveinsdóttir, Soffía Vala Tryggvadóttir, Kristín Anna Þórarinsdóttir, Emelía Martinsdóttir, Páll Gunnar Pálsson. 2004. *Comparison of four different treatments of cod and salmon fillets: fresh, frozen, radio-frequency heated and conventionally heated. - Attachment to IFL's progress report for the period 01-01-2003 to 31-12-2003*. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, skýrsla 2-04, 38 bls., lokuð.

Emelía Martinsdóttir, Birna Guðbjörnsdóttir, Hélène L. Lauzon, Guðrún Ólafsdóttir, Þorvaldur Þóroddsson, Soffía V. Tryggvadóttir, Guðmundur Örn Arnarson. 2004. *Áhrif roðkælingar á gæði fiskflaka*. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, skýrsla 3-04, 72 bls., opin.

Eva Yngvadóttir, ritstjóri. 2004. *Leiðir til að auka öryggi útflutningstekna sjávarafurða*. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, skýrsla 4-04, 65 bls., opin.

Eva Yngvadóttir. 2004. *Mengunarvöktun í lífríki sjávar við Ísland 2002 og 2003*. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, skýrsla 5-04, 57 bls., opin.

Guðjón Atli Auðunsson. 2004. *Vöktun á óæskilegum efnum í sjávarafurðum 2003.* Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, skýrsla 6-04, 36 bls., opin.

Emilía Martinsdóttir. 2004. *Introduction of the Quality Index Method (QIM) in the European fishery chain (QIMCHAIN): Second progress report.* Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, skýrsla 7-04, 34 bls., opin.

